



27. júlí 2022

**Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um mál nr. S-122/2022 í samráðsgátt stjórnvalda**

*Drög að frumvarpi til laga um sýslumann*

Meginefni ofangreinds frumvarps lýtur að sameiningu sýslumannsembættanna í eitt embætti fyrir landið allt, með starfsstöðvar víðs vegar um landið. Hagsmunasamtök heimilanna hafa ekki forsendur til að meta jákvæð eða neikvæð áhrif slíkrar breytingar fyrir neytendur að svo stöddu. Aftur á móti kemur fram í greinargerð með frumvarpsdrögunum að samhliða þeirri breytingu sé jafnframt nauðsynlegt að gera breytingar á þeirri löggjöf sem gildir um verkefni sýslumanna, meðal annars í því skyni að endurspeglar breyttar áherslur samkvæmt lögum um framkvæmdarvald og stjórnarsýslu ríkisins í héraði. Samtökin beina þar sérstaklega sjónum sínum að löggjöf á sviði fullnusturéttarfars.

Samtökin fagna því að fyrirhugað sé að taka lög um aðför og nauðungarsölu til endurskoðunar, enda er það löngu orðið tímabært þar sem umrædd lög eru yfir 30 ára gömul og fyrir löngu orðin úrelt. Við þá endurskoðun má ætla að gefist kjörið tækifæri til að leiðrétta þau mistök sem urðu við aðskilnað dómsvalds og framkvæmdarvalds árið 1992, þegar gleymdist að láta þann aðskilnað ná til mála á sviði fullnusturéttarfars til jafns við önnur mál á sviði einkamálaréttarfars. Mikilvægt er að sú yfirsjón verði leiðrétt enda hefur reynslan sýnt hversu skelfilegar afleiðingar hafa hlotist af henni, sem birtast í því að réttindi ótalmargra neytenda hafa verið fyrir borð borin við framkvæmd fullnustugerða.

Hagsmunasamtök heimilanna eru fús til samstarfs um endurskoðun laga um aðför og nauðungarsölu, enda má nánast fullyrða að hvergi sé til á einum stað meiri reynsla og þekking á því sviði hér á landi. Meðal þess sem þarf að huga sérstaklega að við þá endurskoðun er að tryggja að neytendavernd sé höfð í hávegum við málsmeðferð aðfarar- og nauðungarsöllumála. Jafnframt þarf að tryggja betur að enginn verði sviptur eign sinni nema fullt verð komi fyrir eins og bundið er í stjórnarskrá. Margt fleira mætti telja sem ekki gefst svigrúm til að fjalla um hér, en samtökin vonast til að meira svigrúm muni gefast til samráðs við fyrirhugaða endurskoðun laga á sviði fullnusturéttarfars.

- o -

Virðingarfyllst,  
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Guðmundur Ásgeirsson, varaformadur@heimilin.is